

Alþingi
Erindi nr. Þ 131/362
komudagur 2.12.2004



Elfiðavatni 1. desember 2004.

Nefndarsvið alþingis, Umhverfisstofnun.

Efni: Umsögn Skógræktarfélags Reykjavíkur um „Frumvarp til laga um breytingu á lögum um mat á umhverfisáhrifum, nr. 106/2000, og skipulags- og byggingarlögum, nr. 73/1997, með síðari breytingum“.

Athugasemd nr. 1.

Skógræktarfélag Reykjavíkur gerir athugasemd við 19.gr. laganna, a. lið.

Þar hljóðar lagabreytingin svo: „Nýræktun skóga á 50 ha svæði eða stærra þar sem ekki er í gildi skipulagsáætlun sem markar stefnu um skógrækt og leyfisveitingar vegna slíkra framkvæmda eða nýræktun skóga á verndarsvæðum, svo og ruðningur á náttúrulegum skógi.“

Gamli viðaukinn í lögum 106/2000 hljóðar svo:

2. viðauki.

Framkvæmdir sem kunna að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og metið er í hverju tilviki með tilliti til eðlis, umfangs og staðsetningar hvort háðar skuli mati á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum þessum, sbr. einnig 3. viðauka.

1. Landbúnaður, skógrækt og fiskeldi:

a. Framkvæmdir til endurskipulagningar á landareignum í dreifbýli sem taka til stærra landsvæðis en 20 ha.

b. Framkvæmdir til að leggja óræktað land eða lítt snortið svæði undir þaulnýttinn landbúnað.

c. Vatnsstjórnunarframkvæmdir vegna landbúnaðar, þar með taldar áveitu- og framræsluframkvæmdir, á 10 ha svæði eða stærra eða á verndarsvæðum.

d. Nýræktun skóga á 200 ha svæði eða stærra eða á verndarsvæðum og ruðningur á náttúrulegum skógi.

e. Uppgræðsla lands á verndarsvæðum.

Gerð er athugasemd við 2. viðauka við lögin í fyrsta kafla 19. greinar; D-liður 1. tölul.: Nýræktun skóga á 50 ha svæði eða stærra þar sem ekki er í gildi skipulagsáætlun o.s.frv.

Hvergi kemur fram rökstuðningur fyrir nauðsyn þess að breyta ákvæðinu um stærðarhámark hvað varðar nýræktun skóga úr 200 hekturum niður í 50 hektara. Þvert á móti mæli flest á móti slíkri ráðstöfun, ekki síst sjónarmið landslagsverndar. Skógræktarfélag Reykjavíkur leggur því til að í stað 50 ha standi 500 ha.

Einnig þykir okkur vafasamt að nota orðalagið „ruðningur á náttúrulegum skógi“. Hér fer betur að nota orðalagið „varanleg eyðing á skógi“.

Greinargerð.

1. Með minnkun í 50 ha er verið að ýta undir svokallaða „skæklaskógrækt“. Við setningu nágildandi laga árið 2000 varð niðurstaðan sú málamiðlun að miða skyldi við 200 ha, þótt skógræktaraðilar hafi eindregið varað við slíkum takmörkunum. Forsendur hafa ekkert breyst síðan og reynslan sýnir að viðbrögð landeigenda eru þau sem spáð var þá, þ.e.a.s. menn skipuleggja ekki stærri svæði til skógræktar en 199 ha til að forðast þann kostnað sem jafnvel tilkynning vegna mats á umhverfisáhrifum hefur í för með sér. Verði mörkin sett við 50 ha skipuleggja menn einfaldlega ekki stærri skógarreiti en 49 ha.
2. Miklar líkur er á holskeflu á stofnun skógræktarnýbýla ef þessi breyting nær fram að ganga (ein jörð verður að nokkrum, hver um sig 49 ha). Það virðist vera minnsta mál að stofna nýtt lögbýli í dag.
3. Ef 50 ha markið verður notað þá leiðir það til aukins kostnaðar hjá landeigendum, í flestum tilvikum, við upphaf skógræktar. Upphafskostnaður í skógrækt er minni á hvern hektara lands eftir því sem landstærð er meiri.
4. Aukinn kostnaður verður við skógræktarskipulag á jörðum - minna svæði í skipulagi þýðir aukinn kostnað á hvern hektara, samanborið við stærri heilstæð landsvæði.
5. „Skæklaskógrækt“ er ekki þjóðhagslega hagkvæm m.a. vegna þess að skógarjaðar í 50 ha skógi mun ná yfir u.þ.b. 20 % af skóginum, meðan að 500 ha skógur hefur einungis örfá % jaðarsvæði. Í nytjaskógrækt er skógarjaðar að öllu jöfnu ekki höggvinn og því að mestu verðlaus þegar að lokaskógarhöggi kemur.
6. „Skógarskæklar“ (<50 ha) eru mun líklegri til að verða lýti í landslagi en stærri skógarsvæði þar sem landeigendur hafa frjáltsara val um að laga skóginn að línum í landslagi. Flestir eru sammála því, út frá landslagssjónarmiðum, að rækta beri skóga á frekar stórum samfelldum svæðum og hafa önnur stór samfelld svæði skóglaus. Það yrði stigið stórt skref aftur á bak frá þeirri framtíðarsýn. Ákvæðið um 50 ha hámarkið mun binda hendur þeirra sem eru að hanna skóga og mun því vinna gegn sjónarmiðum um landslagsvernd; að laga manngerða skóginn að því landslagi sem fyrir er.
7. Það verður erfitt fyrir skógræktarfólk framtíðarinnar að verja skógarmynd Íslands, sem gæti orðið með þessum lögum mörg þúsund skógarreitir víðs vegar um landið, í stað samfelldra skógarsvæða sem falla betur að landslagi.
8. Lagt er til að í stað orðsins „ruðningur á náttúrlegum skógi“ komi „varanleg eyðing skóga“. Ástæðan er sú að óljóst er hvað átt sé við með ruðningi. Einnig er vantar skýra skilgreiningu sem tekur á muninum á „náttúrlegum“

skógi og öðrum skógi. Mergur málsins er sá að það er varanleg eyðing skógar, þannig að hann endurnýi sig ekki, sem er áhyggjuefnið.

Athugasemd nr. 2.

Í 22. grein er bætt setningunni „Landgræðslu- og skógræktaráætlanir skulu vera í samræmi við skipulagsáætlanir“. Hvergi er kemur fram í frumvarpsdrögum við hvaða skipulagsáætlanir landgræðslu- og skógræktaráætlunum er ætlað að vera í samræmi við. Er átt við „sérstakt svæðisskipulag“? Er átt við „aðalskipulag“? Er átt við „deiliskipulag“. Þar sem þetta er ekki skýrt til hlýtar mun hið loðna orðalag á fyrirhugaðri lagabreytingu bjóða upp á endalaus óvissu um túlkun laganna og samsvarandi kostnað fyrir samfélagið.

Það vekur furðu Skógræktarfélags Reykjavíkur að einungis landgræðslu- og skógræktaráætlunum skuli ætlað það hlutverk að vera í samræmi við skipulagsáætlanir, en ekki öðrum greinum landbúnaðar.


Lagt er til að samræmis verði gætt innan landbúnaðargeirans um kvaðir og skyldur um mat á umhverfisáhrifum .

Við leggjum því til að 19. gr. (a) hljóði svo:

Nýræktun skóga á 500 ha svæði eða stærra þar sem ekki er í gildi sérstakt svæðisskipulag, svæðisskipulag eða aðalskipulag, sem markar stefnu um skógrækt og leyfisveitingar vegna slíkra framkvæmda eða nýræktun skóga á verndarsævðum, svo og varanleg eyðing á skógi.

Með vinsemd og virðingu.

Fyrir hönd stjórnar Skógræktarfélags Reykjavíkur,


Helgi Gíslason, framkvæmdastjóri